

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar
á auglýstri tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Leiðrétting á auglýsingu nr. 494/2007 sem birtist 4. júní 2007.

Kópavogsbakki 8. Breytt deiliskipulag skv. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti bæjarráð Kópavogsbæjar þann 3. maí 2007 tillögu að breyttu deiliskipulagi á lóðinni nr. 8 við Kópavogsbakka.

Í tillögunni felst stækkun á byggingarreit til suðurs og austurs.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 6. júní 2007.

Smári Smárason skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 11. júní 2007